

FASTEIGNAMIDSTÖÐIN

Hlíðasmári 17, 201 Kópavogur - Sími 550 3000

Fasteignamiðstöðin ehf. kt.500505-2570 Magnús Leópoldsson Löggr. fasteignasali
fasteignamidstodin.is - jardir.is - fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is



Fyrir landið allt

Undirritaðir aðilar: Dalabyggð, kt. 510694-2019 (100%) í samningi þessum nefndur seljandi og RG 58 ehf., kt. 650118-1540 (100%), í samningi þessum nefndur kaupandi, gera með sér svohljóðandi:

KAUPSAMNING

1. gr.

Seljandi lofar að selja og kaupandi að kaupa 100% eignarhluta í eftirfarandi eignum:

1. Jörðin **Sælingsdalstunga**, Dalabyggð, með fasteignanúmer: **F211-7551**, ásamt húsakosti og öllu því sem fylgir og fylgja ber. Jörðin er eignarland, með landeignanúmer: **L137-737**.
2. Íbúðarhúsalóð, **Sælingsdalstunga II** (ekki húsakostur), með landnúmer: **L195-735**.
3. Íbúðarhúsalóð, **Sælingsdalstunga** (ekki húsakostur), með landnúmer: **L187-477**.
4. Sumarbústaðaland, **Tunguskógur 25** (ekki húsakostur), með landnúmer: **L178-660**.
5. Sumarbústaðaland, **Sælingsdalstunga 32** (ekki húsakostur), með landnúmer: **L199-080**.
6. Sumarbústaðaland, **Tunguskógur 23** (ekki húsakostur), með landnúmer: **L178-659**.
7. Sumarbústaðaland, **Tunguskógur 27**, með fasteignanúmer: **F233-6322** og landnúmer: **L205-466**, ásamt öllu sem fylgir og fylgja ber.
8. Sumarbústaðaland, **Tunguskógur 28**, með fasteignanúmer: **F233-6324** og landnúmer: **L205-467**, ásamt öllu sem fylgir og fylgja ber
9. Sumarbústaðaland, **Sælingsdalstunga 37**, með fasteignanúmer: **F233-6323** og landnúmer: **L205-468**, ásamt öllu sem fylgir og fylgja ber .
10. Sumarbústaðaland, **Sælingsdalstunga 34**, með fasteignanúmer: **F233-6319** og landnúmer: **L203-054**, ásamt öllu sem fylgir og fylgja ber .

2. gr.

Kvaðir og önnur eignarbönd:

Eignarheimild seljenda, skjöl nr. 415-A-000122/2001, 415-A-000235/2006, 415-A-000122/2001.

Stofnskjal lóðar, skjöl nr. 415-A-000036/2002, nr. 415-A-000082/2004, 415-A-000224/2004 og 415-A-000305/2005.

Lóðarleigusamningur, skjöl nr. 415-A-000173/1999, 415-A-000025/1997, 415-A-000234/2005 og 415-A-000025/1997.

Landamerkjayfirlýsing, skjal nr. 442-M-001971/2019. Hnitasett loftmynd yfir mörk Gerðis og Sælingsdalstungu. Yfirlýsing, skjal nr. 415-A-000120/1996. Yfirlýsing um skipulagningu lands til sumarbústaðabyggðar. Kvöð, skjal nr. 415-A-000092/1931. Friðlýstar fornminjar.

Við gerð þessa samnings liggja jafnframt fram eftirfarandi skjöl:

- a. Fasteigna- og brunabótamatsvottorð. Söluyfirlit Fasteignamiðstöðvarinnar.
- b. Greinargerð – Deiliskipulag frístundabyggðar, Sælingsdalstunga, dags. 02.09.2004.

Ofangreind skjöl og innihald þeirra skoðast sem hluti af kaupsamningi þessum eftir því sem við á.

3 gr.

Kaupverð hins selda er kr. 82.500.000. Áttatíuogtværmilljónir, fimmhundrað þúsund oo/1oo

Kaupverð greiðist þannig:

1. Greitt við undirritun kaupsamnings með millifærslu fjár - **67.500.000.**
2. Greitt með millifærslu fjár þann 10. október við útgáfu afsals – **15.000.000.**

4. gr.

Eignir eru seldar að öllu leyti í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér með skoðun og sættir sig við að öllu leyti. Afhending fer fram við undirritun kaupsamnings. Kaupandi hirðir frá þeim tíma arð af eigninni og greiðir skatta og skyldur en seljandi til sama tíma. Afsal fer fram þegar aðilar hafa staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt kaupsamningi þessum. Um kaupin og réttarsamband aðila gilda lög nr. 40/2002 um fasteignakaup.

Kaupandi lýsir því yfir með undirritun sinni að hann eða aðilar honum tengdir eru ekki eigendur að fasteign eða fasteignum, sem eru samanlagt 1.500 hektarar eða mei a að stærð, sbr. 2. tl. 1. mgr. 10. gr. a. jarðarlaga nr. 81/2004, sbr. lög nr. 85/2020 og því ekki skylt að sækja um leyfi til ráðherra.

Kaupandi lýsir því yfir með undirritun sinni að hann eða aðilar honum tengdir eru ekki eigendur að fimm eða fleiri lögbýlum eða fasteignum sem eru jarðir í skilningi jarðarlaga 10. gr. a. jarðarlaga nr. 81/2004, sbr. lög nr. 85/2020 og því ekki skylt að sækja um leyfi til ráðherra.

Rísi mál vegna kaupsamnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vesturlands, eða á varnarþingi eignarinnar.

Til staðfestu framanrituðu rita aðilar nöfn sín undir samning þennan í viðurvist tveggja vitundavotta.

Kópavogur, dags.

Seljandi:

F.h. Dalabyggðar

Kaupandi:

f.h. RG 58 ehf.

Vottar að rétttri dagssetningu, fjárræði og undirritun